

Nóvember 2021 Matseðill og ýmsir viðburðir

Regla mánaðarins: Að nota inniröddina

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 13 Stafur vikunnar: J Tákn: Blár				
1 Tónlist á Rey og Kv Íþróttir Könglaland Porskur í raspi, kartöflur, kaldar sósur, ferskt salat	2 Gúllaspottréttur, kartöflumús, gulrótarsalat.	3 Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, lauksmjör, tómatsósa, salatbar	4 Svínasnitsel, sveppasósa, kartöflur, maísbaunasalat	5 Grjónagrautur, rúsínur, slátur, eplabitar.
Vika 14 Stafur vikunnar: H Tákn: Hoppa				
8 Baráttud. gegn einelti Tónlist á Könglalandi Íþróttir Rey og Kv Hakk, spaghetti, kartöflumús, hrásalat	9 Eggsteiktur fiskur, kartöflur, kaldar sósur, gúrku og papriku bitar	10 Svínakjöts pottréttur, hrísgrjón, ferskt salat	11 Paprikufiskur, salatbar	12 Núðluréttur m.kjúkling og grænmeti, hvítlauksbrauð
Vika 15 Stafur vikunnar: E Tákn: Stelpa				
15 Tónlist á Rey og Kv Íþróttir Könglaland Kjötbollur, brún sósa, kartöflumús, gulrótarsalat	16 Dagur ísl. tungu Mexico fiskur, hrísgrjón, ferskt salat	17 Píta, hakk, grænmeti, pítusósa	18 Bleikja í raspi, kartöflur, kaldar sósur, soðið grænmeti, salatbar	19 Skyr, ávextir, grillað brauð m.skinku og ost
Vika 16 Stafur vikunnar: U Tákn: Strákur				
22 Bókavika Tónlist á Könglalandi Íþróttir Rey og Kv Kjúklinganaggar, brún sósa, kartöflumús, baunir	23 Plokkfiskur, rúgbrauð	24 9:15-10.35 7.b.kemur og les BBQ kjúklingur, hrísgrjón, spínatsalat	25 Ávaxtadagur 10:50 Mörgæsa. til 7.b. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, lauksmjör, tómatsósa, salatbar	26 Gúlassúpa og heimabakað brauð
Vika 17 Stafur vikunnar: L Tákn: Leika sér				
29 Tónlist á Rey og Kv Íþróttir Könglaland Tortillur, hakk, sósur, ferskt grænmeti.	30 Brjálað hár dagur Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa, spínatsalat	1. des	2. des Rauður dagur	3. des

Gaman saman í nóvember

- 7. bekkur kemur og les miðvikud. 24. nóv. kl 9:15-10:35.
- Mörgæsaþingur heimsækir 7. bekk fim 25. nóv kl 10:50.
- Kennari úr Vhlsk. á Könglal. einn þriðjudagsmorgun.

Ávaxtadagur

Við fáum að skoða og smakka ávexti, sem ekki eru í boði dags daglega í leikskólanum.

Brjálað hár dagur

Þennan dag getum við komið ógreidd í leikskólann eða með óvenjulega greiðslu eða skraut í hárinu eftir því sem hver vill.

Tilkynnið fjarvistir barna

Mikilvægt er að láta vita strax að morgni um fjarvistir barna, hvort sem um er að ræða veikindi, frí, óveður eða aðrar orsakir. Það auðveldar skipulagningu dagsins.

Virðið vistunartíma barnsins

Barn á ekki að vera komið í umsjá starfsmanna fyrr en vistunartíminn hefst. Þegar vistunartímanum lýkur á barn að vera komið úr umsjá starfsmanna. Álag getur orðið of mikið ef farið er út fyrir tímamörkin.

Veikindi barna

Eftir veikindi eiga börn ekki að koma í leikskólann fyrr en þau eru orðin sjálfum sér lík og líður vel, séu búin að vera hitalaus í tvo daga ef þau hafa fengið hita, séu komin með matarlyst og eðlilegar hægðir ef þau hafa fengið magapest og nái að hvílast á nóttunni ef þau eru með kvef. Varðandi augnsýkingu þá er smithætta á meðan augað er rautt, umgjörðin bólgin og gröftur í augum. Sjá

<https://www.hsu.is/fraedsla/fraedsla-fyrir-almenning/born/smitsjukdomar-barna-tafla/>

Fréttir af foreldrafundi

Foreldrafundur Birkilundar var haldinn í matsal Varmahlíðarskóla miðvikudag 20. október kl 20:00. Mæting var ágæt. Steinunn leikskólustjóri kynnti ytra mat, sem fram fer í leikskólanum 1. og 2. nóvember. Einnig kynnti hún námskeiðið *Tölum saman: gæðamálörvun í leikskólanum*, sem tveir kennarar leikskólans sitja í vetur. Viðkomandi kennarar miðla efni námskeiðsins til annarra kennara skólans og allir reyna að nýta sér þær aðferðir sem kynntar eru og þannig styrkjum við enn betur þá málörvun sem fram fer. Ýmis önnur verkefni og viðfangsefni leikskólans voru kynnt og einnig niðurstöður foreldrakönnunar sem fram fór í febrúar síðastliðnum. Var það fram spurningum varðandi vettvangsferðir og viðburði. Í framhaldi af þeim umræðum mun starfsfólk leikskólans taka ákvörðun um hvernig framkvæmd verður á því á skólaárinu. Í lokin upplýsti Steinunn að á næstu dögum væri von á fyrstu teikningum af nýju leikskólahúsnæði í viðbyggingu við húsnæði Varmahlíðarskóla. Einnig upplýsti hún að vilji væri til þess að bæta bankahúsnæði við Reyniland til þess að bæta úr þeim vanda sem nú er í vistunarmálum og að stefnt væri að því að það húsnæði yrði tilbúið fljótlega upp úr áramótum.

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn í framhaldi af hinum fundinum. Farið var yfir starfsemi félagsins og reikninga. Brynja Hödd Ágústsdóttir kom inn í stjórn í stað Kristvínú Gísladóttur. Stjórnin er þá þannig skipuð: Ditte Clausen formaður, Sigrún Helgadóttir gjaldkeri, Lilja Bjarnadóttir ritari, Hrunn Þorgeirsdóttir/Björn Ólafsson og Brynja Ágústsdóttir meðstjórnendur. Í foreldraráði eru Kristín H. Bergsdóttir, Heiðrún Eymundsd. og Helga Rós Sigfúsdóttir.